

Aðalfundur FÁSES 2015

Haldinn á Kringlukránni 29. október 2015



Mættir: Laufey Helga Guðmundsdóttir, Sunna Mímisdóttir, Sigurður Freyr Ástþórsson, Gísli Kærnested, Auður Geirsdóttir, Arndís Björgvinsdóttir, Soffía Björnsdóttir, Erna Hlín Guðjónsdóttir, Reynir Þór Eggertsson, Örn Steinar Arnarson, Linda Dröfn Jónsdóttir, Anna Sigríður Hafliðadóttir, Málfríður Harðardóttir, Birna Björg Guðmundsdóttir, Katrín Alfa Snorradóttir, Ísak Pálmason, Kristín H. Kristjánsdóttir, Steinunn Björk Bragadóttir, Kristján Jóhann Pétursson, Guðný Arnpórsdóttir, Margrét Alma Sveinsdóttir, Eva Dögg Benediksdóttir, Karl Ágúst Ipsen, Andrés Jakob Guðjónsson, Guðrún Jóna Sigurðardóttir, Flosi Jón Ófeigsson, Alma Sigurðardóttir, Hildur Tryggvadóttir Flóvenz og Eyrún Ellý Valsdóttir.

Eyrún Ellý Valsdóttir, formaður FÁSES, setti fundinn kl. 20:10 og bauð fundagesti velkomna.

Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Eyrún lagði til að Laufey Helga Guðmundsdóttir yrði fundarstjóri og Hildur Tryggvadóttir Flóvenz fundarritari. Samþykkt samhljóða. Laufey þakkaði traustið, gekk til dagskrár og kynnti Eyrúnu í pontu til að fara yfir skýrslu stjórnar.

Skýrsla stjórnar.

Eyrún sagði að 511 félagsmenn væru skráðir í FÁSES frá upphafi en um það bil 300 væru virkir. Klúbburinn stækkað í samræmi við að keppnirnar hafa verið í löndunum í kringum okkur frá stofnun fyrir utan árið 2012.

- Síðasta starfsári lauk með aðalfundi í október 2014 en þá mættu 14 manns og bætti Eyrún við að ánægjulegt væri að mætingin væri betri á þessum fundi. Á síðasta aðalfundi var kosið um miðaðhlutunarkerfi. Lagt var upp með þrjár tillögur og ákveðið var að halda núverandi félagsnúmerakerfi. Mikill áhugi var á miðum fyrir aðalkeppnina í Vín og reyndi í fyrsta skipti fyrir alvöru á miðaðhlutunarkerfið.
- Barsvar með Steinunni var haldið í byrjun febrúar.
- Söngvakeppnisdagurinn byrjaði með Eurovision Zumba í Reebok Fitness með Flosa Jóni Ófeigssyni, alþjóðafulltrúa FÁSES. Fyrirpartý FÁSES var haldið á Stúdentakjallaranum og síðan var haldið á keppnina sjálfa. Félagsmönnum FÁSES bauðst að kaupa svokallaðann Alla leið pakka á öll kvöld Söngvakeppinnar.
- Frumsýningarpartý á Unbroken myndbandinu var haldið í mars í Laugarásbíó.

- Melodifestivalen áhorf og Eurovision-kareóki var haldið 14. mars. Þetta var mjög skemmtilegur viðburður sem kom á óvart.
- Á 60 ára afmæli Eurovision fékk FÁSES upplýsingar um forkaupsrétt á miðum en enginn nýtti sér það(boðið barst seint).
- Alla leið er orðin að föstum viðburði og í ár fékk FÁSES upplýsingar um dagsetningar upptökudaga mjög snemma og þannig var hægt að fylla salinn. Á bilinu 50-60 manns fylgdust með þegar mest lét.
- Júró-stiklur voru haldnar 11. apríl 2015. María og Ásgeir Orri komu fram fyrst og síðan voru stiklurnar eftir á. Helgi Hrafn vann kosninguna en hann var Ítalía.
- FÁSES tók þátt í BigPoll 2015 hjá OGAE og þar var samræmi á milli þeirrar kosningar og Júró stiklukosninganna – Ítalía vann.
- Vínarfarahittingur á Loft Hostel gekk ágætlega.
- Fréttabréfið kom út í maí og var mikil ánægja með það. Eyrún fjallaði um dreifingu félaga í FÁSES sem kom fram í fréttabréfinu.
- Haldið út til Vínar. Eini skipulagði hittingurinn var á fimmtudeginum fyrir undankeppnina sem Ísland keppti í. Sendiherra Íslands í Vín bauð til móttöku föstudaginn fyrir aðalkeppni Eurovision. FÁSES sigraði í OGAE Cover laga keppni á Euro Fan Café og voru Flosi og Eiríkur fulltrúar FÁSES þar.
- Eyrún fór yfir það sem framundan er, m.a. 30 ára þátttöku afmæli RÚV í Eurovision á næsta ári.
- Eyrún opnaði fyrir hugmyndir og umræður um félagið:
 - Fram kom ánægja með kareoke og vilji til að endurtaka það.
 - Einn félagði sagði allt saman gaman og um að gera að hafa fjölbreytta og ólíka viðburði. Stiklunar koma sérlega vel út.
 - Lagt var til að Gleðibankinn yrði sendur aftur á næsta ári í Eurovision í viðhafnarútgáfu!
 - Stungið upp á því að Flosi og Eiríkur verji titilinn í Cover laga keppninni í Stokkhólmi og hafi þá Heru Björk í bakröddum!
 - Fram kom að allir stæðu sig virkilega vel og alltaf gaman!
 - Þá kom fram að svo gaman væri að sumir félagsmenn legðu á sig 150 km akstur til að koma og vera með.

Ársreikningur 2015.

Auður Geirsdóttir, gjaldkeri FÁSES, kynnti ársreikning FÁSES. Félagið á svolítið af peningum sem útskýrist meðal annars af félagsgjöldum komandi starfsárs. Gert var ráð fyrir meiri kostnaði í fréttabréfið en FÁSES datt inn á nýtt fyrirtæki, Umslag, sem veitti mjög góða þjónustu auk þess sem auglýsingaverð var hækkað og fleiri auglýsingar voru seldar. Viðburðirnir voru ódýrari en áður, sérstaklega þeir sem voru á Stúdentakjallaranum. Þá kom fram að gott verði að eiga pening fyrir 30 ára afmælið á næsta ári. Fjöldi virkra félagsmanna hefur aukist og því hafa komið inn meira af félagsgjöldum og kom fram að sumir greiða eingöngu félagsgjöldin til að fá fréttabréfið. Þá kom Auður inn á að vel væri haldið utan um það efni sem búið hefði verið til á árinu 2013 líkt og fána og barmmerki og hefur það því nýst lengur. Auður sagði að félag eins og FÁSES þyrfti að eiga smá sjóð en ekki ætti að reka það með miklum hagnaði.

Opnað var fyrir fyrirspurnir og athugasemdir.

Karl benti á að stjórn þyrfti ekki að afsaka sig fyrir vel rekið félag.

Laufey benti á að á næsta ári þyrfti að fjárfesta í búnaði til að heimasíðufólkið sem vinnur fyrir fases.is gæti tekið sómasamleg viðtöl, t.d. míkrafóna.

Auður benti á að Reynir og Ísak, félagslegu skoðunarmennirnir, hefðu farið yfir reikninginn og samþykkt hann.

Hildur benti á að FÁSES ætti fimm ára afmæli á næsta ári og gott væri að eiga sjóð til að geta haldið upp á það.

Auður bað fundarmenn að láta vita ef þeir væru með tengsl inn í fyrirtæki til að hjálpa við auglýsingasöfnun í fréttabréfið.

Anna Sigga sagði í lokin að það væri frábært að það væri verið að gera þetta svona vel – varðandi fréttabréfið benti hún á að kosta mætti meiru til að spara stjórn FÁSES vinnu við t.d. handskriftir á umslög.

Laufey lagði ársreikninginn í dóm fundarmanna. Reikningurinn var samþykktur samhljóða.

Lagabreytingar.

Stjórn FÁSES lagði til eftirfarandi breytingar á samþykktum fyrir aðalfund FÁSES 2015:

Í stað orðsins „*nóvember*“ í 2. málsl. 2. mgr. 3. gr. kemur: *október*.

1. málsl. 2. mgr. 4. gr. er hljóðar svo:

Allir gildir félagar skulu greiða félagsgjöld fyrir 15. nóvember ár hvert fyrir komandi félagsár.

verður:

Allir gildir félagar skulu greiða félagsgjöld fyrir 15. október ár hvert fyrir komandi félagsár.

Laufey las upp skýringu með breytingu:

Stjórn leggur til að frestur félagsmanna til að greiða félagsgjöld verður færður fram um einn mánuð; frá 15. nóvember til 15. október ár hvert til að tryggja skilvirkni við miðaðhlutun á aðalkeppni Eurovision. Undanfarin ár hefur miðasala á aðalkeppni Eurovision verið að færast æ fram og allt fram í nóvember árið fyrir keppnina. Stjórn FÁSES ber að ganga úr skugga um að einungis gildir meðlimir FÁSES, þ.e. þeir sem greitt hafa félagsgjöld komandi árs, hafi kost á að kaupa aðdáendapakka OGAE International. Þetta getur verið erfitt að tryggja ef frestur til að greiða félagsgjöld er að renna út um það leyti sem kóðum til miðakaupa á Eurovision er úthlutað.

Laufey vakti athygli á því að einungis breytingin á 4. gr. hefði verið send með fundargögnum til félagsmanna. Þar sem breytingin á 3. gr. er afleiðing breytinga á 4. gr. og sama skýring að baki var talið nægjanlegt að kynna breytinguna einungis á fundinum sjálfum.

Laufey opnaði fyrir fyrirspurnir. Rifjað var upp að á síðasta aðalfundi var samþykkt að nýir félagar í FÁSES þyrftu að skrá sig fyrir 1. október ár hvert til að eiga möguleika á miðum á Eurovision. Enn gildir 15. nóvember fresturinn til að greiða félagsgjöld fyrir núverandi félagsmenn FÁSES. Laufey útskýrir að með breytingunni er verið að þjappa þessum frestum saman. Reynir benti að það gæti verið að menn telji að þeir væru búnir að greiða félagsgjöld fyrir 2016 ef þeir greiddu í mars 2015. Það þarf að vera alveg skýrt fyrir hvaða ár menn eru að greiða félagsgjöld fyrir. Auður skýrði frá því hvernig hún hefði framkvæmt innheimtuna en ljóst var á fundinum að sú framkvæmd væri ekki að öllu leyti skýr í samþykktum FÁSES.

Reynir og Eyrún lögðu fram eftirfarandi breytingatillögu við tillögu um breytingu á 1. málsl. 2. mgr. 4. gr. samþykktu: „Allir gildir félagar skulu greiða félagsgjöld fyrir 15. október fyrir komandi félagsár til að geta nýtt forkaupsrétt á miðum. Félagsgjöld greidd á tímabilinu 1. júní - 15.október tilheyra næsta almanaksári.“

Var þessi breyting lögð fyrir fundarmenn. Samþykkt með megin þorra atkvæða. Tveir sátu hjá.

Laufey lagði undir atkvæði tillöguna um breytingu í 2. málsl. 2. mgr. 3. gr. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Stjórnarkjör.

Laufey stýrði stjórnarkjöri. Kosið var um embætti formanns, ritara og tvo varamenn í stjórn. Varamenn yrðu kosnir til eins árs en formaður og ritari til tveggja ára.

Eitt framboð barst um embætti formanns, Eyrún Ellý Valsdóttir, og eitt framboð í stöðu ritara, Hildur Tryggvadóttir Flóvenz. Laufey óskaði eftir framboðum á fundinum. Enginn bauð sig fram og Hildur og Eyrún því rétt kjörnar í stjórn FÁSES.

Fimm framboð bárust um tvö embætti varamanna í stjórn FÁSES. Laufey kynnti Hauk Johnson sem var ekki viðstaddur fundinn og las upp kveðju frá honum. Laufey kynnti einnig Heiði Sigmarsdóttur sem einnig var fjarstödd. Hinir þrír frambjóðendurnir, Katrín Alfa Snorradóttir, Kristján J. Pétursson og Steinunn Björk Bragadóttir stóðu upp og kynntu sig.

Flosi kom því að að hann væri stoltur af að sjá fólk þora koma og bjóða sig fram. Hann sagði að stjórn FÁSES biti ekki og allir væru velkomnir. Stjórn FÁSES þiggur alla hjálpa frá þeim sem bjóða sig fram.

Laufey lagði til að kosningu yrði háttað með sama hætti og á síðasta aðalfundi – þ.e. að allir yrðu í kjöri til 1. varamanns og þeir sem ekki væru kjörnir yrðu í kjöri til 2. varamanns. Kosið var í tveimur umferðum og Kristín Kristjánsdóttir og Sigurður Freyr Ástþórsson sáu um talningu atkvæða. Kosningarétt höfðu 29 manns á fundinum. Var Steinunn kjörin 1. varamaður í stjórn með 12 atkvæðum (Haukur hlaut 10, Katrín 4, Kristján 2 og Heiður 1). Haukur var kjörin 2. varamaður í stjórn með 9 atkvæðum (Kristján hlaut 8, Heiður 6 og Katrín 6).

Laufey bauð þá sem ekki hlutu kosningu velkomna í verkefnanefnd.

Kjör félagslegra skoðunarmanna.

Arndís Björnsdóttir og Birna Björg Guðmundsdóttir buðu sig fram sem félagslegir skoðunarmenn. Laufey lýsti þær rétt kjörnar þar sem aðrir buðu sig ekki fram.

Önnur mál.

Laufey bauð fundarmönnum að koma að öðrum málum.

- Ísak þakkaði stjórnarmönnum fyrir alla vinnuna sem þau hafa lagt á sig og að hann vonandi að hún upplifði hvað félagsmenn væru þakklátir.
- Guðný spurði hvort FÁSES væri alveg hætt að hittast vegna OGAE Second Chance keppinnar. Eyrún svaraði því að við hefðum ekki tekið þátt í ár vegna þess að lítil þátttaka hefur verið undanfarin ár sérstaklega þar sem keppnin er á sumarfrístíma. Eyrún bætti við að stjórn FÁSES hefði hugað að því að leggja til breytingar á tímasetningu og að keppnin yrði með fastara móti svo að sá klúbbur sem héldi keppnina hefði ekki alveg frjálssar hendur um hana. Fundarmenn lýstu yfir áhuga á að koma og horfa saman á Second Chance þrátt fyrir sumarfrí.
- Reynir sagði að hann hefði frétt af ritun bókar um sögu Söngvakeppni Sjónvarpsins sem Eyrún og Hildur stæðu fyrir. Hann lagði til að FÁSES styrkti gerð bókarinnar. Anna Sigga sagði að þetta hljómaði mjög vel, margir væru með tengsl inn í fyrirtæki þar sem kannski væri vilji til að styrkja við útgáfustarf. Andrés lagði til að FÁSES sendi út á félagsmenn lýsingu á verkefninu og athugaði hvort menn vildu styrkja bókina. Anna Sigga sagði að þetta færi frábært og kannski vildi FÁSES halda útgáfuboð. Karl Ágúst taldi hugmyndina góða en vildi að tillagan hljóðaði upp á upphæð. Reynir lagði til 30.000 kr. sem táknræna upphæð. Anna Sigga tók undir 30.000 kr. sem væri um það bil 10% af eigin fjárstöðu félagsins. Alma sagði að hún stytta hugmyndina heilshugar en upphæðin mætti vera hærri. Andrés sagði einnig að upphæðin mætti vera hærri, allt kostar, umbrot og kynning. Laufey lagði til að upphæðin yrði 50.000 kr. Tillagan var sett í dóm fundarmanna: Reynir hefur lagt til að samþykkt verðir upphæð til styrktar útgáfu bókar um Söngvakeppni Sjónvarpsins. Lagt til að upphæðin verði 50.000 kr. Tillagan var samþykkt með megin þorra atkvæða.
- Steinunn vildi athuga hvort áhugi væri að kanna hjá Nexus að flytja inn Eurovision diska. Örn Steinar stakk upp á að FÁSES flytti inn Eurovision diska. Laufey útskýrði að það samrýmdist ekki hlutverki og samþykktum FÁSES að standa í slíkum viðskiptum. Samþykkt var að Steinunn kanni fyrir hönd stjórnar hvort Nexus geti flutt inn Júródiska og DVD.
- Kristín sagði að áhugi væri fyrir sögu Íslands í Eurovision á ensku og bauðst til að þýða bók Eyrúnar og Hildar um Söngvakeppnina.

Ekki var fleira rætt. Laufey sleit fundinum kl. 21:59. Eurovision Bingó var spilað eftir aðalfundinn.